

## MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

# NÍÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM GRENIVÍKURVEG, FAGRABÆ - GRUND

### 1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar lagningu Grenivíkurvegur, frá Fagrabæ að Syðri-Grund í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdaraðili:** Vegagerðin.

**Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu:** Nýr 6,1 km langur vegur frá Fagrabæ að Syðri-Grund í Grýtubakkahreppi ásamt nýrri brú yfir Fnjóská, um 1 km neðan við núverandi brú.

**Markmið framkvæmdar:** Að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á Grenivíkurvegi.

**Frumathugun:** Þann 3. nóvember 1998 tilkynnti Vegagerðin framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 13. nóvember 1998 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og 12. nóvember 1998 í fréttabréfi Grýtubakkahrepps. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 13. nóvember til 18. desember 1998 á skrifstofu Grýtubakkahrepps, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Engin athugasemd barst á kynningartíma. Leitað var umsagnar Grýtubakkahrepps, Náttúruverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar, Hollustuverndar ríkisins, Landssímans, Rafmagnsveitu ríkisins (Rarik), samvinnunefndar um svæðisskipulag Eyjafjarðar, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands.

**Gögn lögð fram við frumathugun:**

**Frummatsskýrsla:** Grenivíkurvegur, Fagrabær - Grund. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Vegagerðin, október 1998.

**Önnur gögn:** Svör Vegagerðarinnar við umsögnum og fyrirspurnum Skipulagsstofnunar, dags. 16. og 28. desember 1998 og 5. janúar 1999.

Fylgiskjöl svarbréfa:

Greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri. Hörður Kristinsson. Grenivíkurvegur, Fagribær - Grund. Greinargerð um gróður og fuglalíf við fyrirhugaða veglínu.

Loftmynd af Fnjóskáreyrum (1:10.000) er sýnir fyrirhugað efnistökusvæði á Fnjóskáreyrum og helstu varpstaði fugla á Fnjóskáreyrum.

Loftmynd (1:2.500), þversniðsmyndir (1:500) og ljósmyndir er sýna afmörkun, lögun og frágang námu í Fagrabæjarskriðu.

## 2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **Grýtubakkahrepps** með bréfi, dags. 6. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 15. desember 1998. Þar segir m.a.:

*„Hreppsnefnd álitur að sú veglína sem valin er raski minnst náttúru og umhverfi að undanskyldu núverandi vegstæði en þar koma aðrir þættir inn svo sem snjóflóðaætta og lengri veglína. Grýtubakkahreppur gerir því ekki athugasemdir við skýrsluna og fagnar að samgöngubætur milli Akureyrar og Grenivíkur skuli vera á næsta leyti.“*

Leitað var umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi, dags. 6. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 3. desember 1998. Þar segir m.a.:

**Gróður**

*„Náttúruvernd ríkisins gerir athugasemd við að það var ekki grasafræðingur sem gerði úttekt á gróðri í veglínunni og telur vinnubrögð sem þessi óviðunandi. Stofnunin telur niðurstöður gróðurúttekta ófullnægjandi[...]*

*Náttúruvernd ríkisins telur mikilvægt að vel sé staðið að undirbúningi framkvæmdarinnar, ekki síst í ljósi þess að fyrirhugað vegstæði liggur um svæði sem er á Náttúruminjaskrá, sbr. svæði nr. 513 Lónin og Laufáshólmar. [...]*

*Í frummatsskýrslu segir m.a. að engar sjaldgæfar plöntutegundir hafi fundist í veglínunni. Ekki er vitnað til Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands þessu til stuðnings. Náttúruvernd ríkisins bendir á að samkvæmt válistanum vaxa nokkrar plöntutegundir sem eru í útrýmingarhættu í nágrenni framkvæmdasvæðisins og eru þrjár þeirra friðlýstar samkvæmt náttúruverndarlögum. Náttúruvernd ríkisins er ekki kunnugt um hvort þessar tegundir er að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eða hvort þeim stafi einhver hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum og er mikilvægt að skorið sé úr um það.“*

**Dýralíf**

*„Í frummatsskýrslu segir m.a. að nokkrar rannsóknir hafi verið gerðar á dýralífi en ekki kemur nánar fram um hvaða rannsóknir er að ræða.“*

Náttúruvernd ríkisins bendir m.a. á skýrslu Líffræðistofnunar Háskólans um rannsóknir á óshólmasvæði Eyjafjarðarár frá 1974 og 1975. Þar kemur fram að óshólmar Fnjóskár teljast til votlendissvæða sem æskilegt er að vernda (sbr. Votlendisskrá 1975) m.a. vegna þess að á óshólmasvæðunum við Eyjafjörð séu aðal-

varpstöðvar stormmáfs hér á landi og þau séu þýðingarmikil fyrir stofn rauðhöfða- andar og fleiri votlendisfugla. Gróðurfar sé enn fremur sérkennilegt sums staðar á þessum svæðum.

*„Ljóst er að gerðar hafa verið rannsóknir á dýralífi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Með einföldu korti hefði mátt sýna helstu varp- og viðkomustaði fugla og bera þá saman við legu vegarins og staðsetningu fyrirhugaðs námusvæðis á Fnjóskáreyrum.“* Náttúruvernd ríkisins telur að ef ekki séu til frekar upplýsingar um dýralíf en þær sem vitnað er í þurfi að gera úttekt á dýralífi á vettvangi og fá fuglafræðing til að gera úttekt á fuglum á varptíma að vorlagi.

## Efnistaka

### 1. Efnistaka í Fagrabæjarskriðu

*„... Náttúruvernd ríkisins telur mikilvægt að efnistaka í námunni verði vel skipulögð og að vandað verði vel til verksins þar sem flatarmál námunnar verður stórt og náman áberandi í landi. Náttúruvernd ríkisins fer fram á að áður en vinnsla hefst verði gert deiliskipulag af fyrirhuguðu námasvæði og að haft verði samráð við landslagsarkitekt og Náttúruvernd ríkisins um frágang á svæðinu. Stofnunin telur umhugsunarvert hvort ekki sé ásættanlegra að taka efni þar sem túnin eru og lækka þar landið til að ekki þurfi að fara eins hátt upp í fjallshlíðina.“*

### 2. Efnistaka á eyrunum í óshólmum Fnjóskár

*„... Náttúruvernd ríkisins gerir athugasemdir við að ekki er búið að ákveða nákvæmlega hvar taka eigi efni á Fnjóskáreyrum enda sé staðsetning náma forsenda fyrir því að hægt sé að meta hugsanleg umhverfisáhrif efnistöku. Fyrirhugað námasvæði er á Náttúruminjaskrá og því mikilvægt að fara varlega í efnistöku og vanda til verka [...] Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að efnistakan verði unnin í samræmi við ábendingar og athugasemdir Veidimálastofnunar. Haft verði samráð við Veidimálastofnun og Náttúruvernd ríkisins um efnistöku og frágang vegna hennar.“*

### 3. Frágangur vegna efnistöku

*„...Náttúruvernd ríkisins fer fram á að haft verði samráð við stofnunina um frágang á námusvæðum. Jafnframt bendir stofnunin á að við núverandi veg, skammt sunnan við brúna yfir Fnjóská, er opin náma sem er til lýta í landi og væri eðlilegt að ganga frá námunni samhliða framkvæmdinni.“*

### 4. Frágangur á núverandi vegi

*„... Náttúruvernd ríkisins bendir á að núverandi vegur er áberandi í landi og setur það skilyrði að þar sem vegurinn verður aflagður verði hann lækkaður í landi þannig að hann falli betur inn í landslagið og verði minna áberandi.*

*Að öðru leyti gerir Náttúruvernd ríkisins ekki athugasemdir við framkvæmdina með þeim skilyrðum að jarðraski verði haldið í lágmarki og að leitað verði eftir frekari gögnum um gróður og dýralíf á svæðinu. Verði niðurstaðan sú að á svæðinu séu sjaldgæfar plöntur og/eða gróðursamfélög eða að framkvæmdin hafi óæskileg áhrif á dýralíf þá verði vegstæðið endurmetið.*

Leitað var umsagnar **Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar** með bréfi, dags. 6. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 19. nóvember 1998. Þar kemur fram að Heilbrigðiseftirlit Eyjafjarðar gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd

„enda taki framkvæmdin mið af reglugerðarákvæðum hvað varðar hreinsun þjódvega og næsta umhverfis, ílát fyrir úrgang á áningarstað norðan Laufáss, verndarsvæði og frágang vatnsbóla sem kunna að raskast og hljóðvist á byggðum bólum við veginn.“

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi, dags. 6. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 18. desember 1998. Þar segir m.a.:

„Hávaði er lauslega metinn við bæinn Ártún, en íbúðarhús er í um 40 m fjarlægð frá veginum. Hljóðstig reiknast 53,4 dBA, sem er undir viðmiðunarmörkum sem eru 55 dBA. Í skýrslunni er því haldið fram að leyfilegur hávaði sé 65 dBA. Hið rétta er að það má heimila 65 dBA sem frávik. [...]

Hávaði er ekki metinn annars staðar. Til dæmis við bæinn Noll sem er í um 30 m fjarlægð samkvæmt skýrslunni (fjarlægðin gefur um 0,7 dBA aukningu). Auk þess er hluti vegarins færður heldur nær íbúðahúsum. Þar kemur jafnframt fram að halli vegar mun minnka mikið, en ekki kemur fram hve mikið. Því er ekki hægt að meta hvort hefur meiri áhrif að minnka hallan eða færa veginn nær. Heppilegt hefði verið að hafa þversnið sem sýnir muninn á því hvernig legan breytist í landinu.

Hávaði mun væntanlega breytast á svæðinu. Það að dekkjahávaði mun væntanlega aukast af bundnu slitlagi, en skrölt mun minnka þegar vegur verður sléttari. Jafnframt má minna á að leiðbeiningarmörk ætti að virða sérstaklega í dreifbýli.

Í samantekt er sagt að ryk muni hverfa. Réttara er að ryk mun líklega minnka stórlega, en varla hverfa. Þegar malaryk hverfur getur annað ryk sést betur.

Vegur liggur við vatnsból og vatnslagnir. Mikilvægt er að sýna fyllstu aðgæslu svo að neysluvatn spillist ekki.“

Leitað var umsagnar **Landssímans** með bréfi, dags. 6. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 15. desember 1998. Landssíminn bendir á að færa þurfi símastreng á um 200 m kafla á fyrirhuguðu vegsvæði.

Leitað var umsagnar **Rarik** með bréfi, dags. 6. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 18. desember 1998. Þar segir m.a. að sá hluti framkvæmdarinnar sem er sunnan og vestan Fnjóskár valdi óverulegum breytingum á raflínu sem þar liggur. Hugsanlega þurfi að færa línuna, eða leggja jarðstreng næst brúnni. Í fyrirhuguðu brúarstaði liggja nú raflína yfir Fnjóská sem þurfi að færa eða leggja í streng í brúna. Norðan og austan Fnjóskár liggja 11 kV jarðstrengur, m.a. þar sem vegur er áformaður og megi búast við að færa þurfi strenginn vegna framkvæmdarinnar.

Leitað var umsagnar **samvinnunefndar um svæðisskipulag Eyjafjarðar** með bréfi, dags. 10. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 17. desember 1998. Þar segir m.a.:

„Á tillöguuppdraetti að landnýtingarkorti er brúin staðsett á sama stað og gert er ráð fyrir í skýrslunni um Grenivíkurveg. Sama er að segja um malarnám, ekki verða gerðar athugasemdir við staðsetningu þeirra.“

Leitað var umsagnar **veiðimálastjóra** með bréfi, dags. 6. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 17. nóvember 1998. Þar segir m.a.:

„Fnjóská er mikilvæg veiðiá og því mikilvægt að efnistaka og mannvirkjagerð hafi sem minnst áhrif á fiskstofna árinna, einkum yfir sumarmánuðina. Þar sem brúin er mjög nærri sjó verða áhrif á seiðabúskap í lágmarki en meiri hætta á truflun á fiskgengd og veiði vegna aurburðar. Því þarf að tryggja að aurburður verði í lágmarki á veiðitíma.“

*Í frummatsskýrslu kemur fram að efnisvinnslu úr áreyrum verði lokið veturinn 1998-99, sem ætti að minnka líkur á aurburði sumarið 1999. Einnig þarf að ganga þannig frá efnistökuþöðum að það valdi ekki röskun á fiskgengd og tryggja eftir föngum að vinna við brúar- og vegagerð valdi sem minnstum aurburði á veiðitíma.*

*Miðað við gefnar forsendur og að uppfylltum ofannefndum skilyrðum gerir undirritaður ekki athugasemdir við fyrirhugaða vega- og brúargerð.“*

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi, dags. 6. nóvember 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 7. desember 1998.

*„Að mati Þjóðminjasafns Íslands er í umhverfismatsskýrslu Vegagerðar ríkisins um fyrirhugaðan Grenivíkurveg gerð nægjanleg grein fyrir umhverfisáhrifum með tilliti til fornleifa og menningarminja nema hvað viðvíkur legu vegarins ofan við Laufásbæinn og fornleifar sem þar eru undir veginum.*

*Í umsögn Guðrúnar Kristinsdóttur safnstjóra Minjasafnsins á Akureyri, sem Vegagerðin styðst að mestu leyti við í greinargerð sinni um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir, hefur slæðst villa. Í lok umsagnar sinnar segir hún:*

*„Ég fer þess á leit, að vegarstæðið ofan við Laufás verði lækkað, ef þess er nokkur kostur. Ástæða þess er einkum sú óprýði sem er af því að vegurinn gnæfir hátt yfir staðnum, séð frá bæjarhláði eins og nú er.*

*Undir veginum á þessum stað eru fornleifar sem hulist hafa smám saman, eftir því sem efni hefur bæst í veginn, þar á meðal er hestarétt sem hefur gegnt sínu hlutverki þegar gestir sóttu kirkju, og tveir stekkir að auki. Æskilegt væri að þessar fornleifar yrðu sýnilegar eins og hægt er.“*

*Fyrir í umsögn hennar eru þessar fornleifar fyrir mistök taldar í hópi þeirra fornminja sem Vegagerðin óskar eftir að fá að hylja með jarðvegi.*

*Þetta eru mistök sem ber að leiðrétta. Þjóðminjasafnið tekur undir þá ósk Guðrúnar, að vegurinn ofan við Laufás verði lækkaður frá því sem nú er og leða honum hnikað lítið eitt fjær bænum til austurs (frá því sem fyrirhugað er við endurbætur á veginum) og umræddar fornminjar verði afhjúpaðar í þeim mæli sem kostur er. Í matsskýrslu Vegagerðarinnar er ekki tekin afstaða til þessarar óskar. Jafnframt er mælt til þess að kallaður verði til eftirlitsmaður frá þjóðminjavörslunni þegar kemur að framkvæmdum við veginn ofan við Laufás og við túngarðsbrotin, sem hulin verða með jarðvegi.*

*Þær fornleifar, sem fallist verður á að verði huldar jarðvegi eru: öskuhaugur SP-063:012, smiðjustæði SP-027:004, lambhússtæði og kálgarður SP-027:003, túngarður SP-024:048, túngarður SP-024:024 og útihússtæði SP-024:008.*

*Fornleifar ofan við Laufásbæinn, sem gerðar verða sýnilegar á ný eru: réttarstæði SP-024:023, kvíastæði SP-024:022 og stekkjastæði SP-024:021.*

*Vakin skal á því sérstök athygli, að minjastjóri Þjóðminjasafns hefur sótt um leyfi fornleifanefndar, skv. 17. gr. þjóðminjalaga og 67. grein reglugerðar um þjóðminjavörslu, til þess að nokkrar fornleifar á umræddu vegarstæði verði huldar með jarðvegi, eins og lagt er til í matsskýrslu Vegagerðarinnar. Þótt umræddar mótvægisáðgerðir séu viðunandi að mati safnsins eru þær ekki heimilar nema að fengnu samþykki fornleifanefndar.“*

### 3. ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd barst á kynningartíma

## 4. UMHVERFISÁHRIF GREINIVÍKURVEGAR, FAGRIBÆR – GRUND

### 4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í frummatsskýrslu er kynnt lagning vegar frá Fagrabæ að Syðri-Grund í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Fyrirhugað er að byggja nýjan 6,1 km langan veg, ásamt nýrri tvíbreiðri brú yfir Fnjóská. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist vorið 1999 og ljúki haustið 2000. Efnisvinnslu á Fnjóskáreyrum lýkur veturinn 1998 - 1999. Vegurinn verður lagður bundnu slitlagi. Leiðin milli Akureyrar og Grenivíkur mun styttest um 2 km.

#### 4.1.1 Lega vegar

Vegurinn er hluti af leiðinni milli Akureyrar og Grenivíkur og liggur um lönd sjö bújarða og þriggja eyðibýla, frá Fagrabæ að Syðri-Grund. Vegurinn fylgir núverandi vegi á samtals um 3 km kafla. Í landi Nolls og Þorsteinsstaða mun vegurinn víkja frá núverandi veglínu og liggja neðar og vestar vegna erfiðrar blindhæðar. Frá Laufási að Ártúni verður lagður nýr vegur og ný brú yfir Fnjóská um 1 km neðan við núverandi brú. Norðan árinna myndar Greinivíkurvegur T-vegamót við Fnjóskadalsveg eystri. Fnjóskadalsvegur verður færður neðar í hlíðina en núverandi vegur, í sveig vestan við svonefndan Borgargerðishól. Frá Ártúni að Syðri-Grund er núverandi vegi fylgt. Brúin og hluti af veginum munu liggja um svæði sem er á Náttúruminjaskrá, nr. 513, Lónin og Laufáshólmar. Við frágang vegarins verða sett ræsi þar sem búast má við rennandi vatni og að vatn geti safnast fyrir.

Brúin er bogabré með 96 m boga en lengd milli landstöpla er um 146 m. Brúin verður 8 m breið og með 7 m breiðri akbraut. Endastöplar brúarinnar verða súlur á fyllingu. Virkt vatnsop er um 90 m breitt og hæð brúarinnar er um 17 m ofan við venjulegt vatnsborð árinna.

Landeigandi Syðri-Grundar og landeigandi Ártúns og Borgargerðis gerðu athugasemdir við legu vegarins og var vegurinn færður til og frágangur útfærður í samráði við þá.

#### 4.1.2 Efnistaka

Heildar efnisþörf er áætluð um 174.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að efni verði tekið úr skeringum og úr þremur námum. Um 49.500 m<sup>3</sup> eru teknir úr námu í Fagrabæjarskriðu, um 19.000 m<sup>3</sup> úr námu á áreyrum Fnjóskár og um 7.400 m<sup>3</sup> úr námu við Hléskóga.

Náma í landi Fagrabæjar verður í efnismikilli aur- og skriðukeilu. Í svari Vegagerðarinnar við fyrirspurn Skipulagsstofnunar kemur fram að við nánari skoðun á Fagrabæjarnámu er fyrirhuguð efnistaka lítillaga frábrugðin því sem fram kemur í texta í frummatsskýrslu. Námusvæðið mun markast af þjóðveginum að vestan og tünnum að norðan og sunnan, en austurmörkin verða u.þ.b. 220 m frá vegi. Breidd námusvæðisins niður við þjóðveg verður u.þ.b. 100 m og áætluð vinnsluhæð 8 til 10 metrar (núverandi hæð er um 10 m). Eftir því sem ofar dregur mjókkar náman og

verður um 55 m breið á móts við austurjaðar túns sem er norðan námusvæðisins en þar er vinnsluhæð áætluð 2 til 3 metrar. Útbrúnir námunnar verða með hallanum 1:2, en námubotninn mun halla inn að miðju með fláa 1:20. Reiknað er með að skriðuhætta við Fagrabæ minnki við efnistöku. Að vinnslu lokinni verður námusvæðið jafnað. Sáð verður í svæðið komi um það óskir frá landeiganda eða Náttúruvernd ríkisins.

Náma verður á áreyrum Fnjóskár, en eyrarnar eru á Náttúruminjaskrá. Í frummatsskýrslu kemur fram að efnistaka verður á ógróna hluta áreyrana. Efninu verður ýtt upp utan veiðitíma í um 1 - 1,5 m þykku lagi á um 130 x 130 m svæði. Efnisvinnsla úr áreyrum lýkur veturinn 1998 - 1999, sem ætti að minnka líkur á aurburði sumarið 1999. Námann verður staðsett í samráði við landeigendur. Að námasvæðinu liggur slóði frá Grenivíkurvegi.

Náma við Hléskóga er opin og var hún staðsett í samráði við landeigendur.

Mesta efni úr skeringum kemur úr malarhjalla í landi Laufáss, við stöð 7.200 og við stöð 7.920 í vel gróinni brekku milli Borgargerðis og Ártúns.

#### 4.1.3 Aðrir kostir

Á undirbúningstíma framkvæmdarinnar voru bornar saman sex mögulegar leiðir yfir Fnjóská, leið 1a, 1b, 2a, 2b, 3a og 4. Leið 2b, er talin vera heppilegust m.t.t. vegalendar, veðurfars og umferðaröryggis og er sú leið ekki talin hafa áhrif á rennsli Fnjóskár.

Leið 1a liggur um núverandi brú yfir Fnjóská en á leið 1b er brúin skammt neðan við hana. Í báðum tilfellum er farið um snjóflóðasvæði og er aðkoma að brú erfíð. Vegalengd milli Akureyrar og Grenivíkur styttist ekki.

Á leiðum 2a og 2b er brúin staðsett við mynni árgljúfursins rétt ofan við óshólma Fnjóskár. Leiðin til Grenivíkur styttist um 2 km. Vegurinn fer af núverandi vegi skammt norðan við Laufás og tengist eldri veglínu aftur við Ártún norðan Fnjóskár. Brúargerðin er ekki talin hafa áhrif á rennsli Fnjóskár. Leið 2b er nánast lárétt og er vegsýn betri en á leið 2a.

Á leið 3 er brúin staðsett neðan við gljúfrið en ofan við óshólma Fnjóskár. Stysta mögulega lengd á brúnni með tilliti til virks vatnsops er 160 m og vegurinn yrði byggður út í farveginn að sunnanverðu. Myndi sú staðsetning hafa varanleg áhrif á rennsli Fnjóskár, hafa talsverða landmótun við suðurenda brúarinnar í för með sér og þarfnast öflugra rofvarna.

Leið 4 liggur vestan við Laufás og yrði ný brú staðsett á óshólmum Fnjóskár. Brúin yrði 120 m og rofverja þyrfti vegfláa og millistöpla og um 500 m varnargarð þarf sunnan ár. Veglínan liggur yfir svæði á Náttúruminjaskrá og myndi hafa varanleg áhrif á rennsli Fnjóskár. Hætta er á röskun fornminja við Borgargerði. Leið 4 gefur mesta arðsemi fjárfestinga en er ekki talinn raunhæfur kostur vegna andstöðu landeigenda og sveitarstjórnar.

## 4.2 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

Núverandi vegur hefur lélegt burðarþol og er hlykkjóttur og hæðóttur malarvegur. Nýr vegur með bundnu slitlagi og tvíbreið brú um Fnjóská mun auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á Grenivíkurvegi.

#### 4.2.1 Umferð og hávaði

Samkvæmt frummatsskýrslu er reiknað með að árdagsumferð verði um 208 bílar en sumardagsumferð 307 bílar. Reiknað er með aukningu umferðar um 3% á ári til ársins 2012 og eftir það standi umferðin í stað. Hámarks hraði er aukinn úr 80 í 90 km/klst. Með auknum umferðarhraða eykst mengun og orkunotkun og búast má við auknum óþægindum vegna umferðarhávaða í íbúðarhúsum við veginn.

Íbúðarhús í Ártúni er í um 40 m fjarlægð frá veginum. Samkvæmt frummatsskýrslu er hávaði við íbúðarhúsið áætlaður 53,4 dBA og því innan leyfilegra marka mengunarvarnareglugerðar.

Heilbrigðiseftirlit Eyjafjarðar bendir á nauðsyn þess að framkvæmdin taki mið af mengunarvarnareglugerð hvað varðar hljóðvist á byggðum bóllum. Hollustuvernd ríkisins bendir á að samkvæmt mengunarvarnareglugerð er leyfilegur hávaði 55 dBA en ekki 65 dBA eins og haldið er fram í frummatsskýrslu. Hið rétta sé að heimila megi 65 dBA sem frávik. Hollustuvernd ríkisins bendir á að hávaði er ekki metinn við bæinn Noll sem er í um 30 m fjarlægð samkvæmt frummatsskýrslu. Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að í frummatsskýrsluna hafi slæðst villa, í raun liggja vegurinn í 55 m fjarlægð frá íbúðarhúsinu að Noll. Íbúðarhús að Ártúni sé næst veginum.

#### 4.2.2 Vatnsból

Samkvæmt frummatsskýrslu er vatnsból fyrir sumarbústaðinn Lindarbrekku neðan vegar og vatnsbrunnur fyrir Noll skammt neðan við veginn. Samkvæmt frummatsskýrslu þarf að verja vatnsból við Lindarbrekku og koma í veg fyrir að hrun úr vegfyllingu eyðileggi það. Ef það reynist ekki unnt þarf að finna nýja uppsprettu ofan við veginn og leggja vatnsleiðslu undir hann. Neysluvatnsleiðsla að Laufási liggur í nágrenni veglínunnar. Leggja þarf nýja vatnsleiðslu að Laufási í stað þeirrar sem verður fjarlægð. Í frummatsskýrslu kemur fram að á framkvæmdartíma eykst eitthvað hættu á mengunarslysum í nágrenni vatnsbóla og í Fnjóská.

Heilbrigðiseftirlit Eyjafjarðar bendir á nauðsyn þess að framkvæmdin taki mið af ákvæðum reglugerðar um frágang vatnsbóla. Hollustuvernd ríkisins bendir einnig á mikilvægi þess að sýna fyllstu aðgæslu svo að neysluvatn spillist ekki.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að farið verður eftir gildandi reglugerð um neysluvatn.

#### 4.2.3 Hættur

Í frummatsskýrslu kemur fram að leiðin frá Áshóli eftir núverandi vegi að Lómatjörn telst vera í meðallagi snjóþung. Snjóflóðahætta er á svæðinu frá Laufási að Ártúni en þar hafa fallið fallið all mörg stór snjóflóð. Við fyrirhugaða framkvæmd mun vegur inn með Fnjóskárgili verða lagður niður. Reiknað er með sérstökum mótvægisáðgerðum við Laufás til að draga úr snjóflóðahættu. Ekki er mögulegt að færa veginn neðar vegna nálægðar við kirkjugarðinn að Laufási.

Í frummatsskýrslu kemur fram að á efnistökusvæði ofan við Fagrabæ er aur- og skriðukeila neðan við djúpt gil og geta því komið vænar vatnsgusur og skriður úr gilinu. Við efnisnámið þarf að huga að því að skapa ekki aukna skriðuhættu við Fagrabæ.



Stærstu flóð Fnjóskár eru leysingaflóð að vori en einnig geta komið í hana krapahlaup á miðjum vetri. Ísahrönn Fnjóskár er ein hin stærsta á Norðurlandi og getur náð allt að 9 m hæð. Til að öryggi brúarinnar verði fullnægjandi þarf virkt vatnsop að vera u.þ.b. 90 m breitt. Tekið er tillit til álags frá ís við hönnun á undirstöðum brúarinnar og hæð vegarins verður um 17 m yfir vatnsborði árinna. Álag frá ísahrönn á bogaspýrnur eða neðsta hluta bogans verður lítið.

Vegarkaflinn er á svæði þar sem gera má ráð fyrir stórum jarðskjálfta einu sinni á öld. Akbraut og bogi brúarinnar mynda eina heild í bogatoppi og er gert ráð fyrir í hönnun brúarinnar að allir láréttir kraftar frá umferð og jarðskjálfta verði teknir upp í boganum.

#### 4.2.4 Raf- og símalínur

Samkvæmt frummatsskýrslu er brúin hönnuð þannig að hægt er að leggja háspennustreng og símalínu í hana.

Vegagerðin mun hafa samband við Rarik og Landssímamann og biðja um flutning á viðkomandi loftlínunum og jarðstrengjum áður en framkvæmdir hefjast.

#### 4.2.5 Reiðleið, áningarstaðir og undirgöng

Þar sem núverandi vegur verður aflagður verður hann nýttur sem reiðleið. Frá Fagrabæ að Nolli, Áshóli að Laufási og frá nýju vegtengingunni við Fnjóskárdalsveg að Syðri-Grund er gert ráð fyrir reiðleið í vegskurði. Náttúruvernd ríkisins bendir á að núverandi vegur sé áberandi í landi og telur nauðsynlegt að þar sem vegurinn verður aflagður verði hann lækkaður í landi. Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að notagildi núverandi vegar mun rýrna verulega við að lækka hann í landi þar sem landeigendur nota hann áfram sem akveg.

Áætlað er að útbúa áningarstað fyrir akandi vegfarendur á malarhjalla sunnan Fnjóskár með útsýni yfir ósasvæðið og út Eyjafjörðinn. Norðan við Fnjóská er fyrirhugað að koma fyrir útskoti við veginn.

Í frummatsskýrslu kemur fram að tún í landi Ártúns og eyðibýlanna Borgargerðis og Miðgerðis muni skerðast. Ræktað og óræktað land muni skerast í sundur og valda óhagræði fyrir menn og skepnur. Til mótvægis verður brúin hönnuð þannig að hægt verður að komast undir hana báðum megin árinna og verður sú leið fær dráttarvélum í landi Ártúns. Vegagerðin mun setja undirgöng fyrir sauðfé undir veginn í landi Ártúns og verða þau staðsett í samráði við landeigendur.

Heilbrigðiseftirlit Eyjafjarðar minnir á reglugerðarákvæði um hreinsun þjóðvega og næsta nágrennis og um sorpilát á áningarstöðum. Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að farið verður eftir gildandi heilbrigðis- og mengunarvarnareglugerð.

### 4.3 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Samkvæmt rannsókn Fornleifastofnunar Íslands<sup>1</sup> eru um 17 minjar í eða nærri fyrirhuguðu vegarstaði. Þar fyrir utan eru ýmiss konar minjar í næsta nágrenni við veglínuna. Gæta verði þess að þær spillist ekki við umferð vinnuvéla á meðan á framkvæmdum stendur.

<sup>1</sup> Fylgiskjal 19 með frummatsskýrslu

Í greinargerð Minjasafnsins á Akureyri<sup>1</sup> um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir vegna fornminja í vegarstæðinu og umsögn Þjóðminjasafns Íslands er fallist á að hylja með jarðvegi öskuhaug SP-063:012, smiðjustæði SP-027:004, lambhússtæði og kálgarð SP-027:003, túngarða SP-024:048, SP-024:024 og útihússtæði SP-024:008. Þjóðminjasafn Íslands bendir á að vegna mistaka hafi réttarstæði SP-024:023, kvíarstæði SP-024:0022, og stekkjastæði SP-024:021 óvart verið talin upp í lista Minjasafnsins yfir fornleifar sem hylja mætti. Síðar í bréfi Minjasafnsins kemur fram að æskilegt er að þessar fornleifar verði eins sýnilegar og hægt er og tekur Þjóðminjasafnið undir þau orð. Farið er fram á að vegarstæðið við Laufás verði lækkað eða því hnikað fjær bænum ef þess er nokkur kostur. Minjasafnið á Akureyri mælist til þess að kallaður verði til eftirlitsmaður frá þjóðminjavörslunni þegar kemur að framkvæmdum við veginn ofan við Laufás og við túngarðsbrotin sem hulin verða með jarðvegi.

Í umsögn Þjóðminjasafn Íslands er sérstaklega vakin athygli á að ekki er heimilt að hylja fornleifar á vegarstæðinu nema að fengnu samþykki fornleifanefndar sem ekki liggur fyrir.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að ekki er möguleiki á frekari færslu á veginum við Laufás. Eftir því sem vegurinn færir ofar í landið stækkar skering í brekkuna ofan við hann. Í upphaflegri hönnun var veglínan færð 1 - 2 metra til austurs og hefur hún nú verið lækkuð í landinu. Við stöð 6.620 er útskot á núverandi vegi. Það verður fjarlæggt. Við þá tilfærslu er mögulegt að fornleifar komi í ljós. Þegar kemur að framkvæmdum við Laufás og við túngarðsbrotin verður haft samband við eftirlitsmann frá þjóðminjavörslunni.

Í greinargerð Minjasafnsins á Akureyri<sup>2</sup> er bent á að nauðsynlegt sé að fram fari rannsókn á öskuhaugsleifum neðan við bæjarstæðið í Borgargerði, SP-026:001, ef ekki er hægt að komast hjá skeringu á þeim stað. Í frummatsskýrslu kemur fram að Vegagerðin mun fara að tilmælum Minjasafnsins og fornleifafræðingur fenginn til að taka sýni úr öskuhaugnum og athuga dýpt hans og dreifingu.

Vegagerðin mun koma í veg fyrir að landinu utan við vegarstæðið verði raskað á framkvæmdartíma. Tekið verður tillit til allra minja sem eru í nágrenni veglínunnar og komið í veg fyrir að þær spillist við umferð vinnuvéla.

## 4.4 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

### 4.4.1 Gróður

Í frummatsskýrslu kemur fram að reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi. Vegkantar, skeringar og námusvæði verða jöfnuð og grædd upp að verki loknu. Lífrænum jarðvegi af framkvæmdarsvæði verður haldið til haga og honum jafnað yfir við frágang til að bæta árangur af sáningum. Reynt verður að sá þeim gróðurtegundum sem eru einkennandi fyrir svæðið.

Náttúruvernd ríkisins telur mikilvægt að vel sé staðið að undirbúningi framkvæmdarinnar, ekki síst í ljósi þess að fyrirhugað vegstæði liggur um svæði sem er á Náttúruminjasákrá. Stofnunin gerir athugasemd við úttekt á gróðri í veglínunni og telur niðurstöður gróðurúttektar í frummatsskýrslu ófullnægjandi.

<sup>1</sup> Fylgiskjal 20 með frummatsskýrslu

<sup>2</sup> Fylgiskjal 20 með frummatsskýrslu

Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri<sup>1</sup> um gróður og fuglalíf við fyrirhugaða veglínu kemur fram að veglínun frá Nollu að Áshóli var skoðuð 9. desember 1998, en þá var hún alauð og snjór aðeins í djúpum dældum á láglandi. Gróðurlendið gefur ekki tilefni til að ætla að þar séu fágætar tegundir. Svæðið frá fjárhúsunum við Laufás og að Fnjóská var skoðað 30. ágúst 1998. Tegundalisti var gerður yfir svæðið og efri hluta Fnjóskáreyra. Engar sérlega fágætar tegundir eru á þessu svæði, hvorki við veglínuna né á efri hluta eyranna. Ekki var talin þörf á að skoða svæðið norðan Fnjóskár sérstaklega. Plöntuskráningar í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar sýna að gróður í grennd við framkvæmdarsvæðið er mjög fjölbreyttur og þar eru all margar fágætar tegundir, einkum á svæðum utan áhrifasvæðis þeirrar framkvæmdar sem hér er fjallað um. Flestar tegundirnar sem um ræðir eru sjávarfitja-, votlendis- eða háfjallategundir og er þeirra því alls ekki að vænta í þeim gróðurlendum sem eru við veglínuna.

Í greinargerð Landgræðslu ríkisins<sup>2</sup> er óskað eftir að formlegt mat verði lagt á árangur frágangs og sáninga áður en þeim telst lokið, og að stofnuninni verði gerð grein fyrir niðurstöðum matsins. Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að hún mun verða við óskum Landgræðslunnar hvað þetta varðar.

#### 4.4.2 Dýralíf

Í frummatsskýrslu kemur fram að Fnjóskárósar og næsta nágrenni þeirra er á Náttúruminjaskrá m.a. vegna fjölskrúðugs fuglalífs. Silungs- og laxveiði er í Fnjóská og gera má ráð fyrir að í gljúfrunum eða neðan þeirra séu uppeldisstöðvar seiða.

Í frummatsskýrslu kemur fram að til þess að forðast óþarfa rask á fuglalífi og seiðauppeldi neðan brúarstæðis við malarnám á Fnjóskáreyrum verður komið í veg fyrir að kvíslar þorni upp og að áin dreifi sér meira en hún gerir nú. Efnisvinnslunni verði allri lokið veturinn 1998 – 1999.

Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri<sup>1</sup> um gróður og fuglalíf kemur fram að fuglalíf er afar fjölbreytt á óshólmasvæði Fnjóskár en það er all langt neðan við áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Á Fnjóskáreyrum, ofan við óshólmasvæðið, eru aðeins til strjálur heimildir um varpfugla frá mismunandi tímum og skipuleg kortlagning varps á því svæði hefur ekki farið fram. Fyrirliggjandi heimildir benda til að það séu einkum þrjár tegundir sem verpa að staðaldri á þessu svæði: hettumáfur, kría og stormmáfur. Athuganir frá árinu 1990 benda til þess að í Grundarhólma og gegnt honum sunnan Fnjóskár sé að jafnaði hettumáfs- og/eða kríuvarp á töluverðu svæði. Stærð þess og dreifing virðist vera nokkuð breytileg frá einu ári til annars. Varp stormmáfs er miklu strjálra, mest eitt og eitt hreiður dreift yfir nokkuð stórt svæði á eyrum Fnjóskár, frá Grundarhólma og gengt honum sunnan Fnjóskár, upp undir gljúfurmyrri Fnjóskár þar sem fyrirhuguð brú á að rísa. Engar upplýsingar eru til um fuglalíf á eða við veglínuna sérstaklega, en þar er nær eingöngu þurrlandi, melar, móar og tún.

Í greinargerð Veidimálastofnunar<sup>3</sup> kemur fram að sá fiskur sem veiðist í ánni er fyrst og fremst sjögenginn og hefst veiðitími um 20. júní. Seiðabúskapur árinna hafi ekki verið kannaður í gljúfrunum eða neðan þeirra. Á þessu svæði má þó gera ráð fyrir

<sup>1</sup>Hörður Kristinsson. Grenivíkurvegur, Fagribær – Grund. Greinargerð um gróður og fuglalíf við fyrirhugaða veglínu. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri, 1998

<sup>2</sup>Fylgiskjal 5 með frummatsskýrslu

<sup>3</sup>Fylgiskjal 7 með frummatsskýrslu

uppeldisstöðvum seiða en líklegt er að óverulegur hluti seiðauppeldis fari fram neðan brúarstæðisins.

Veiðimálastjóri bendir á að Fnjóská er mikilvæg veiðiá. Þar sem brúin er mjög nærri sjó verða áhrif á seiðabúskap í lágmarki en meiri hættu á truflun á fiskgengd og veiði vegna aurburðar. Ganga þurfi frá efnistöðum þannig að ekki verði röskun á fiskgengd og tryggja eftir föngum að vinna við brúar- og vegagerð valdi sem minnstum aurburði á veiðitíma.

Náttúruvernd ríkisins gerir athugasemdir við að ekki er búið að ákveða nákvæmlega hvar taka eigi efni á Fnjóskáreyrum enda sé staðsetning náma forsenda fyrir því að hægt sé að meta hugsanleg umhverfisáhrif efnistöku. Haft skuli samráð við stofnunina og Veiðimálastofnun um efnistöku og frágang vegna hennar.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að efnisvinnslu úr áreyrunum verður lokið veturinn 1998-1999. Gengið verður þannig frá efnistöðum að það valdi ekki röskun á fiskgengd. Tryggt verður eftir föngum að vinna við brúar- og vegagerð valdi sem minnstum aurburði á veiðitíma. Efnistaka á óshólmun Fnjóskár verður öll úr ógrónum áreyrum. Haft verður samráð við Náttúruvernd ríkisins og Veiðimálastofnun varðandi efnistöku og frágang hennar.

#### 4.5 ÁHRIF Á LANDSLAG OG JARÐMYNDANIR

Samkvæmt frummatsskýrslu hefur útliti lands á fyrirhuguðu brúarstæði verið raskað með háspennu- og símalínunum sem þvera gljúfrið. Línurnar verða nú lagðar í brúna. Brúin ásamt fyllingum að henni verður talsvert áberandi mannvirki í landinu.

Í frummatsskýrslu kemur fram að Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Lögð er áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæðið. Vegurinn hefur verið felldur eins vel að landinu og kostur er og verða skeringar í samræmi við landslag og halla umhverfisins. Í útboðsgögnum verður tilgreint hvernig haga skuli frágangi vegkanta, skeringa og námusvæða.

Samkvæmt frummatsskýrslu verður náma á áreyrum Fnjóskár sléttuð að efnistöku lokinni. Í leysingum flæðir yfir eyrarnar, því er reiknað með að áin sjái um að fylla námuna smám saman aftur. Námur í landi Fagrabæjar og Hléskóga verða sléttaðar og landið mótað í samræmi við landslag og halla. Allur frágangur verður í samræði við landeigendur.

Náttúruvernd ríkisins telur mikilvægt að efnistaka í Fagrabæjarskriðu verði vel skipulögð og vandað til verksins þar sem flatarmál námunnar er stórt og svæðið áberandi. Stofnunin telur umhugsunarvert hvort ekki sé ásættanlegra að taka efni þar sem túnin eru og lækka þar landið til að ekki þurfi að fara eins hátt upp í fjallshlíðina. Farið er fram á að haft verði samráð við stofnunina um frágang á námusvæðum. Jafnframt bendir Náttúruvernd ríkisins á að við núverandi veg, skammt sunnan við brúna yfir Fnjóská, er opin náma sem er til lýta í landi og væri eðlilegt að ganga frá námunni samhliða framkvæmdinni.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að landeigandi er á móti því að efni verði tekið úr túnum sem eru báðum megin námunnar. Fram kemur að námusvæðið mun markast af þjóðveginum að vestan og túnum að norðan og sunnan, en austurmörkin verða u.þ.b. 220 m frá vegi og mun ekki breikka ofan túna eins og ráð var fyrir gert í

frummatsskýrslu. Vegagerðin mun vanda vel til verka við efnistöku úr Fagrabæjarskriðu og hafa samráð við landslagsarkitekt varðandi frágang á námusvæðinu.

Vegagerðin mun ganga frá opinni námu sem er rétt sunnan við brúna yfir Fnjóská og fyrirhugaðan áningarstað. Náman lendir undir veginum að hluta.

## 5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Vegagerðin hefur tilkynnt til frumathugunar lagningu nýs 6,1 km vegar, Grenivíkurvegur, frá Fagrabæ að Syðri-Grund í Grýtubakkahreppi, ásamt nýrri brú yfir Fnjóská. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á Grenivíkurvegi. Leiðin milli Akureyrar og Grenivíkur stýttist um 2 km.

Breyting á legu vegarins og ný tvíbreið brú á Fnjóská mun bæta samgöngur og stytta þann vegarkafli sem liggur um hættusvæði vegna ofanflóða.

Hluti framkvæmdarsvæðisins er á Náttúruminjaskrá, þ.á m. áreyrar og gil Fnjóskár. Í ljósi greinargerðar Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri um gróður og dýralíf á svæðinu, sem barst Skipulagsstofnun á kynningartíma, telur Skipulagsstofnun að framkvæmdin hafi ekki veruleg áhrif á gróður og fuglalíf á svæðinu enda verði beitt þeim mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til í frummatsskýrslu og svörum framkvæmdaraðila. Vandað verði til efnistöku á Fnjóskáreyrum. Efni verði einvörðungu tekið á ógrónum hluta Fnjóskáreyra og efnistöku ljúki veturinn 1998-1999. Tryggt verði að vinna við brúar- og vegagerð valdi sem minnstri röskun á fiskgengd og að aurburður verði í lágmarki á veiðitíma. Framkvæmdir á áhrifasvæði Fnjóskár verði unnar í samráði við Náttúruvernd ríkisins og Veiðimálastjóra.

Efnistaka úr Fagrabæjarskriðu verður nokkuð umfangsmikil og áberandi. Þegar hefur verið tekið efni úr námunni. Í ljósi þess að ekki er um fágæta eða sérstæða jarðmyndun að ræða og að með annarri tilhögun efnistöku munu tún skerðast fellst Skipulagsstofnun á lýsingu framkvæmdaraðila á afmörkun námu og fyrirhugaðri efnistöku í Fagrabæjarskriðu er barst Skipulagsstofnun á kynningartíma. Vanda þarf til verka við efnistöku, koma í veg fyrir rof vegna efnistöku og fara eins skammt upp í gil fjallsins og kostur er. Við efnisnámið þarf að huga að því að skapa ekki aukna skriðuhættu við Fagrabæ. Efnistaka og frágangur námunnar verði unninn í samráði við Náttúruvernd ríkisins.

Fjöldi menningarminja er á eða við vegarstæðið. Þjóðminjasafn Íslands hefur veitt samþykki til að hylja tiltekna minjar í vegarstæðinu með fyrirvara um samþykki fornleifanefndar sem ekki liggur fyrir. Æskilegt er að réttar-, kvía- og stekkjarstæði ofan við Laufásbæinn verði gerð sýnileg á ný sé þess nokkur kostur. Beitt verði þeim mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til í frummatsskýrslu og svörum framkvæmdaraðila. Eftirlitsmaður frá Þjóðminjavörslunni verði kallaður til þegar kemur að framkvæmdum við veginn ofan við Laufás og við túngarðsbrotin, sem hulin verða með jarðvegi. Rannsókn fari fram á leifum öskuhaugs neðan við bæjarstæðið í Borgargerði. Gæta verður að minjum í næsta nágrenni við veglínuna þannig að þær spillist ekki við umferð vinnuvéla meðan á framkvæmdum stendur.

Raski á jarðvegi og gróðri verði haldið í lágmarki. Umferð vinnuvéla og annarra tækja verði takmörkuð við vegstæði og námur.

Áætlað er að nýta núverandi veg sem reiðleið. Skipulagsstofnun bendir á að eðlilegt sé að taka heildstætt á reiðvegamállum svæðisins í svæðisskipulagi Eyjafjarðar sem nú er í vinnslu og síðar í aðalskipulagi Grýtubakkahrepps.

Samkvæmt 27. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf að sækja um framkvæmdaleyfi til Grýtubakkahrepps vegna framkvæmdarinnar. Ekkert skipulag er í gildi á framkvæmdarsvæðinu. Þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða

skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við frumathugun, umsagna og svara framkvæmdaraðila við þeim er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhuguð lagning Grenivíkurvegjar muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag.

## 6. ÚRSKURÐARORÐ

Í samræmi við 8. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu ásamt umsögnum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til niðurstöðu skipulagsstjóra ríkisins sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er fallist á fyrirhugaða lagningu Grenivíkurvegjar, Fagribær - Grund, eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu, með því skilyrði að samráð verði haft við Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóra um tilhögun framkvæmda og frágang að framkvæmdum loknum og með fyrirvara um samþykki fornleifanefndar.

## 7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. febrúar 1999.

Reykjavík, 8. janúar 1999

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir